

## TILLAGA

til þingsályktunar um kolefnisjöfnun ferðalaga á vegum kirkjustjórnarinnar  
(Lagt fyrir 59. kirkjuþing 2019)

Flutt af Axel Árnasyni Njarðvík og Svönu Helen Björnsdóttur  
Frsm.: Axel Árnason Njarðvík

Kirkjuþing ályktar að þjóðkirkjan skuldbindi sig til þess að kolefnisjafna allir ferðir á vegum kirkjustjórnar og prófastsdæma innan þriggja ára, þ.e. fyrir árið 2022. Það verði gert með mótvægisáðgerðum í skógrækt eða endurheimt votlendis á jarðnæði í eigu kirkjunnar, m.a. þar sem boðið verður upp á helgun lands, sbr. helgun lands í Skálholti 16. september 2019.

Gerð verði greining á akstri og annarri orkuþörf á árinu 2020 og gerður samningur við fyrirtæki um mælingu á kolefnisútbæstri og mótvægisáðgerðum. Jafnframt verði fundnar leiðir til að hrinda kolefnisjöfnuninni í framkvæmd, annað hvort með þátttöku starfsfólks í skógrækt þar sem það á við eða samningi við fyrirtæki sem taka líkt að sér (endurheimt votlendis sérstaklega).

Stefnt er að því að verkefninu „að kolefnisjafna yfirstjórn kirkjunnar“ verði hrint í framkvæmd sem hér segir:

2020 biskupsstofa, biskupsembætti.

2021 kirkjuráð, kirkjuþing.

2022 prófastsdæmi.

Einnig verði söfnuðum og starfsemi þjóðkirkjunnar gert kleift að kolefnisjafna starf sitt á þessum jörðum líkt og nú þegar hefur verið lagt upp með í Skálholti.

### *Greinargerð.*

Nú færast í vöxt að fyrirtæki og stofnanir kolefnisjafni starfsemi sína í samræmi við umhverfissjónarmið og stöðu loftslagsmála. Meira að segja hefur verið rætt um af hálfu stjórnámálanna að leggja á kolefnisskatt til að hamla gegn útblæstri gróðurhúsalofttegunda. Í sumum tilvikum eru fyrirtæki og stofnanir farnar að kaupa þjónustu til kolefnisjöfnunar sem er þá tvenns konar:

Í fyrsta lagi er um að ræða mælingar á kolefnisfótspori (ferðalög, bílar, orka, vatn, sorp) en nú þegar má með einföldum hætti fá aðgang að slíkri þjónustu þar sem hægt er að sjá í rauntíma kolefnisfótspor starfseminnar og hverjar mótvægisáðgerðir þurfi. Hér er

um að ræða grænt bókhald sem færast mjög í vöxt hjá fyrirtækjum og stofnunum sem vilja sýna af sér samfélagslega ábyrgð.

Í annan stað leiða slíkar mælingar (grænt bókhald) í ljós hve mikið þarf af mótvægisáðgerðum, t.d. í formi skógræktar eða endurheimtar votlendis, enda hér byggt á mælanlegum stærðum. Nú eru að opnast möguleikar að kaupa slíka þjónustu (mótvægisáðgerðir í skógrækt og endurheimt votlendis – Votlendissjóður, Kolviður). Á hinn bóginn hefur þjóðkirkjan sjálf möguleika á að verða sjálfbær með því að jafna kolefnisfótspor starfseminnar á sínu eigin landi án mikils tilkostnaðar. Segja má að slíka starfsemi hafi þegar hafist með ferð starfsfólks og meðlima frá biskupsstofu og þremur söfnuðum í Skálholt s.l. september þar sem land var helgað og gróðursett tré í kolefnisjöfnun á starfseminni. Um leið getur slík starfsemi orðið gefandi viðbótarþáttur í safnaðarstarfi.

Kostnaður 2020:

*Fyrsta skref.* Lagt er til að gerður verði samningur við fyrirtæki um grænt bókhald fyrir biskupsstofu á árinu 2020. Kostnaður við það er áætlaður kr. 700.000.

*Annað skref.* Kostnaður við kaup á plöntum, skipulagsvinna á kirkjujörðum, ferðir árið 2020. Kr. 500.000.